

280. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn miðvikudaginn 26. október 2016 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 12:00.

Mættir:

Kristjana Hermannsdóttir
Björn H Hilmarsson
Fríða Sveinsdóttir
Kristinn Jónasson, bærarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæraritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var að því búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

Dagskrá:

- 1) **Bréf frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, dags. 5. október 2016, varðandi tilnefningu aðila í Breiðafjarðarnefnd.**
Bæjarráð samþykkti samhljóða að vera í samstarfi við nágrannasveitarfélögin um tilnefningu á sameiginlegum fulltrúum í nefndina.
- 2) **Bréf frá Innanríkisráðuneytinu, dags. 3. október 2016, varðandi form og efni viðauka við fjárhagsáætlun.**
Lagt fram til kynningar.
- 3) **Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 3. október 2016, varðandi hækkun á mótframlagi launagreiðanda í A-deild Brúar frá næstu áramótum.**
Lagt fram til kynningar, en jafnframt lýsir bæjarráð miklum áhyggjum af þeim kostnaðarauka sem af þessu hlýst.
- 4) **Bréf frá Brunabót, dags. 27. september 2016, varðandi ágóðahlutagreiðslu 2016.**
Lagt fram til kynningar.
- 5) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 20. október 2016, varðandi ósk um umsögn Snæfellsbæjar um umsókn Gistihússins Langaholts ehf., um breytingu á rekstrarleyfi til reksturs gististaðar í flokki V, hótél og veitingastaðir, í flokki II, veitingahús. Breytingin felst í stækkun gistihússins og fjölgun herbergja.**
Bæjarráð Snæfellsbæjar samþykkir fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn Gistihússins Langaholts ehf. um breytingu á rekstrarleyfi til reksturs gististaðar í flokki V, hótél og veitingastaðir, í flokki II, veitingahús, vegna stækkunar, að því tilskyldu að umhverfis- og skipulagsnefnd, slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jákvæða umsögn.
- 6) **Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 21. október 2016, varðandi reglur sveitarfélaga um húsnæðismál.**
Bæjarráð samþykkti samhljóða að fela bærarstjóra og bærarritara að fara í að semja reglur sem lagðar yrður fyrir bærarstjórn til samþykktar.
- 7) **Ályktanir fulltrúafundar Landssamtakanna Þroskahjálpar 2016.**
Lagt fram til kynningar.
- 8) **Bréf frá rannsóknasmíðju RA, dags. 12. október 2016, varðandi beiðni um stuðning við málþing um fjölmiðlun í almannapágu.**
Bæjarráð sér sér því miður ekki fært að verða við beiðninni.
- 9) **Bréf frá stjórn Sjóminjasafnsins á Hellissandi, dags. 11. október 2016, varðandi ósk um niðurfellingu á kostnaði vegna byggingarleyfis á viðbyggingu safnsins.**
Bæjarráð fellir aldrei niður gjöld sem þessi, en bendir á að hægt er að sækja um styrki frá bæjarfélaginu til að standa straum af kostnaði sem þessum.
- 10) **Bréf frá forstöðumanni Jaðars, dags. 20. september 2016, vegna óskar um aukafjárveitingu.**
Bæjarráð samþykkti erindið samhljóða frá og með 1. nóvember 2016.


- 11) **Tillaga að reglum Snæfellsbæjar um foreldragreiðslur/heimgreiðslur vegna gæslu barns hjá öðrum en dagforeldrum.**
Bæjarráð samþykkti reglurnar samhljóða en vísaði þeim til endanlegrar afgreiðslu bæjarstjórnar í byrjun desember. Munu þá reglurnar taka gildi 1. desember n.k.
- 12) **Bréf frá SSV, dags. 11. október 2016, varðandi tillögu að Samgönguáætlun Vesturlands 2017-2019.**
Bæjarráð samþykkti að vísa samgönguáætluninni til næsta bæjarstjórnarfundar.
- 13) **Minnispunktur bæjarstjóra.**
 - a) Bæjarstjóri ræddi um nýjan rammásamning til dvalar- og hjúkrunarheimila.
 - b) Bæjarstjóri sagði frá afleiðingum vatnsveðursins sem gengið hefur yfir undanfarið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:00


Kristjana Hermannsdóttir


Björn H. Hilmarsson


Friða Sveinsdóttir


Kristinn Jónasson, bæjarstjóri


Lilja Ólafardóttir, bæjarritari